

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/120/EB

2008/EES/22/14

frá 5. desember 2003

## um breytingu á tilskipun 90/496/EBE um merkingu næringarinnihalds matvæla (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/496/EBE frá 24. september 1990 um merkingu næringarinnihalds matvæla <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 5. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/867/EB var leyft, með skírskotun til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 <sup>(3)</sup>, að markaðssetja salatrím sem ný innihaldsefni matvæla til notkunar í orkusnauðum brauðvörum og sælgæti.
- 2) Í álitinu frá 13. desember 2001 um mat á öryggi salatríma sem nýrra innihaldsefna matvæla, en þessi efni eru notuð sem orkusnautt fitulíki, lýsti vísindanefndin um matvæli yfir því að orkugildi salatríma væri 5–6 kkal./g.
- 3) Samkvæmt gildandi reglum skal reikna orkugildi salatríma, sem teljast til fituefna, með því að nota breytistuðul fyrir fitu sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/496/EBE og er 9 kkal./g. Ef þessi breytistuðull væri notaður fyrir uppgefið orkugildi vöru gæti það gefið ranga mynd af skertu orkugildi hennar, sem fengið er með því að nota salatrím við framleiðsluna, og yrði því til þess að neytendur fengju ekki alls kostar réttar upplýsingar. Því er nauðsynlegt að samþykkja viðeigandi breytistuðul fyrir salatrím til að nota við útreikning á uppgefnu orkugildi matvæla.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við aftast í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/496/EBE:

„— salatrím 6 kkal./g – 25kJ/g“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. júlí 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 333, 20.12.2003, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 46, 15.9.2005, bls. 18.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 276, 6.10.1990, bls. 40.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 326, 13.12.2003, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1.